



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 1/2015.
Dagsetning og tími: 14. janúar 2015, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Grisjunarbeiðni Matís dags. 18. mars 2014 – rannsóknaniðurstöður.
2. Grisjunarbeiðni Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði dags. 30. október 2014 – afhendingablöð vegna húsaleigusamninga.
3. Lögfræðiálit á túlkun ákvæði laga ábyrgðarmann skjalasafns.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Grisjunarbeiðni Matís dags. 18. mars 2014 – rannsóknaniðurstöður (málsnr. 1403048).

Beiðnin var samþykkt. Matís ohf. er heimilt að eyða rannsóknarniðurstöðum sem eru á pappír og eru eldri en sjö ára gamlar þegar vörsluútgáfa úr rafræna gagnakerfinu FoxPro hefur verið afhent og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

2. Grisjunarbeiðni Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði dags. 30. október 2014 – afhendingablöð vegna húsaleigusamninga (málsnr. 1410063).

Afgreiðslu beiðninnar er frestað. Afla þarf nánari upplýsinga um hlutverk og tilgang þeirra gagna sem óskað er eftir að grisja. Jafnframt þarf ábyrgðarmaður skjalastjórnar og skjalavörslu sveitarfélagsins að undirrita grisjunarbeiðnina.

3. Lögfræðiálit á túlkun ákvæði laga ábyrgðarmann skjalasafns.

Ákveðið að leita álits lögfræðings á því hvernig túlka ber 2. mgr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn um hver sé ábyrgðarmaður skjalastjórnar og skjalavörslu sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 13:00.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)